

---

## 29. fundur skólaráðs, haldinn í Lækjarskóla 10. júní 2015 kl. 14:30.

### Dagskrá:

#### 1. Deildarstjórar kynna deildir sínar.

Deildirnar eru fyrir alla skóla Hafnarfjarðar en starfsemin er starfrækt af Lækjarskóla.

Deildarstjórar veita ráðgjöf til annara skóla bæjarins.

– **Kristín María Indriðadóttir, deildarstjóri Fjölgreinadeildar**

Deildin tekur við nemendum Hafnarfjarðar sem ekki eru að fóta sig í almennu skólunum. Lögð er áhersla á verklegar greinar og einstaklingsmiðaða námskrá.

Deildin hefur verið starfandi í 10 ár og víða vakið athygli með lausnir sínar og skipulag. Tilurð hennar hefur skipt sköpum fyrir framtíð margra nemenda og verið mikill stuðningur við aðstandendur þeirra. Þess má geta að deildarstjórinn hefur fengið viðurkenningar fyrir störf sín við deildina.

Framundan er óvissa með rekstur deildarinnar og inntaka nýrra nemenda ekki leyfð, þar sem framtíðarsýn bæjaryfirvalda fyrir deildina er óljós.

– **Svala Níelsdóttir, deildarstjóri sérdeildar fyrir þroskaraskanir**

Stöðug ásókn er í deildina. Henni er skipt á þrjú svæði eftir aldurshópum.

– **Kristrún Sigurjónsdóttir, deildarstjóri móttökudeildar**

Nemendafjöldi hefur verið talsverður og er að aukast ennþá meira. Í vetur var í fyrsta sinn tekið á móti fjórum flóttamönnum.

Fram kom að skerðing á úthlutun er til allra deildanna sem mun væntanlega hafa áhrif á faglegt starf. Einnig er húsnæði deildanna farið að þrengja að með auknum nemendafjölda.

#### Bókað frá kennara.

Það er mjög bagalegt ef fagleg vinna skerðist vegna skorts á fjármagni.

#### 2. Kannanir.

Niðurstöður kannana sem gerðar voru af Skólapúslinum í vetur.

– Foreldrakönnun Lækjarskóla -2014-2015.

**Könnunin var flokkuð í:**

Nám og kennsla, velferð nemenda, foreldrasamstarf, aðstaða og þjónusta og heimastuðningur.

– **Nemendakönnun:**

Könnunin var flokkuð í:

Virgni nemenda í skólanum, líðan og heilsa, skóla- og bekkjarandi.

### 3. Önnur mál.

- 10. bekkur var útskrifaður frá Lækjarskóla í gær 9. júní. Hátíðarstund þar sem við kveðjum stolt nemendur okkar. Fram kom í ræðu skólastjóra að Margbreytilegur skóli er skóli án aðgreiningar sem er á margbreytilegu ferðalagi.
- **Oddný Jóhannsdóttir: Einhverfa.**  
Áhyggjur af námsveri fyrir einhverfa nemendur, sem er sprungið. Enginn er að fara úr skólanum, en það eru að koma 2-3 einhverfir nemendur í skólann næsta haust. Þurfa að komast úr bekk til þess að pústa en það vantar aðstöðu.
- **Hafrún Júlíusdóttir:**  
Leggur til að skólaráð fái kynningu frá deildarstjórum stiga á starfinu í hverri deild.

Fundi slitið kl. 16:30

#### **Fundinn sátu:**

Haraldur Haraldsson, skólastjóri  
Helga Birna Gunnarsdóttir, formaður foreldrafélags, fulltrúi foreldra  
Jórunn Kristín Fjeldsted, gjaldkeri foreldrafélags, fulltrúi foreldra  
Hafrún Dóra Júlíusdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags  
Heiðrún Jóhannsdóttir, fulltrúi kennara  
Helgi Sigurður Karlsson, fulltrúi kennara  
Oddný S. Jóhannsdóttir, fulltrúi starfsmanna  
Arna B. Arnardóttir, aðstoðarskólastjóri

Fundargerð ritaði Sólrún Helgadóttir